



FJÁRHAGSÁÆTLUN VESTMANNAEYJABÆJAR FYRIR ÁRIÐ 2024

Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri

1600. fundur bæjarstjórnar
30. nóvember 2023





BREYTINGATILLÖGUR BÆJASTJÓRNAR

FYRIR breytingatillögu bæjarstjórnar

A – hluti Sveitasjóður		A og B hluti
Tekjur	5.984.539	8.954.354
Gjöld	5.861.100	8.674.333
Fjármunatekjur og gjöld	81.107	38.783
Rekstrarniðurstaða	204.546	318.804

EFTIR breytingatillögu bæjarstjórnar

A – hluti Sveitasjóður		A og B hluti
Tekjur	6.018.254	8.988.069
Gjöld	5.867.775	8.681.008
Fjármunatekjur og gjöld	81.107	38.783
Rekstrarniðurstaða	231.586	345.844




EIGNFÆRÐAR FRAMKVÆMDIR



STÆKKUN HAMARSSKÓLA

- Forvinnu hönnunar á nýbyggingu Hamarsskóla er lokið og hönnun verið boðin út. Niðurstaða útboðs er að Efla mun sinna verkhönnun á viðbyggingu. Vonir standa til að hægt verði að byrja á framkvæmdum á næsta ári.
- Þegar byggt hefur verið við Hamarsskóla verða 5 ára deildin, 1.-4. bekkur GRV, Frístundaverið og Tónlistarskólinn undir sama þaki. Að auki verður bylting í aðstöðu fyrir alla starfsemi skólans, m.a. með tilkomu samkomu- og matsalar.
- Aðstæður í samfélaginu hafa tafið framkvæmda- og undirbúningsferli en vonandi horfir það til betri vegar.






LJÓSLIÐARAVÆÐING EYGLÓ

- Framkvæmdum á ljósleiðaravæðingu verður haldið áfram á næsta ári. Framkvæmdir hafa gengið hraðar en áætlað var.
- Bæjarstjórn ákvað að leggja félaginu Eygló, sem sveitarfélagið á, til lán fyrir framkvæmdinni að fjárhæð 280 milljónir á árinu 2024.
- Tilgangur: Að leggja ljósleiðara að hverju heimili í Vestmannaeyjum.
- Þar sem engir einkaaðilar vildu fjárfesta í lagningu ljósleiðara inn á hvert heimili í Eyjum ákvað Vestmannaeyjabær að ráðast í framkvæmdina til að tryggja að öllum heimilum bjóðist ljósleiðari.
- Fjárfestingin mun koma baka. Eygló er heildsali sem selur fjarskiptafélögum aðgang að kerfinu og þeir selja svo viðskiptavinum í Eyjum.







ÍÞRÓTTAMANNVIRKI



- Bæta á búningsaðstöðu, salernisaðstöðu, sérklefa og aðstöðu fyrir starfsfólk í íþróttahúsinu.
- Unnið hefur verið að tillögum um endurbætur og uppbyggingu og fer verkhönnun fram á fyrstu mánuðum ársins.
- Áætlað er að hefja framkvæmdir í vor.





HÁSTEINSVÖLLUR - GERVIGRAS OG FLÓÐLÝSING



- Til stendur að setja gervigras og flóðlýsingu á Hásteinsvöll haustið 2024 til að uppfylla m.a. þær kröfur sem gerðar eru til keppnisvalla og vetraraðstöðu til knattspyrnuiðkunar.
- Tilgangurinn er að auka nýtingu á vellinum, bæði fyrir æfingar og keppni fyrir alla iðkendur.
- Unnið er áfram að undirbúniningi verkefnisins en hönnun og útboðsgögn verða tilbúin í upphafi næstaárs.
- Áætlað er að verkið taki tvö fjárhagsár.



ELDFELLSVEGUR - GÁMASVÆÐI

- Endurbætur á svæðinu eru fyrirhugaðar.
Ætlunin er að malbika, steypa undir gáma, koma fleiri flokkunargámum fyrir, breyta aðkomu inn á svæði og setja afgreiðsluskúr.
- Endurbætur á svæðinu eru í takt við ný lög um hringrásahagkerfi.






VIÐGERÐ Á ÚTRÁS


Stefnt er að því að hefja viðgerðir á útrásinni í vor.

Komið verður fyrir steypum sökklum með reglulegu millibili á nýja lögn í sama skurðstæði.





VIGTARTORG



- Framkvæmdir við Vigartorg standa yfir á grunni hugmynda Péturs Jónssonar arkitekts.
- Búið er að hlaða veggi og helluleggja ásamt því að setja upp leiktæki og annað fyrir afþreyingu. Næst er að klára lýsingu og frágang svæðisins.
- Gert er ráð fyrir að ljúka frágangi við svæðið sjálft fyrir næsta sumar.



Eignfærðar framkvæmdir

Stærstu verkefni ársins eru:

- Hamarsskóli – viðbygging 200 m.kr.
- Eygló ljósleiðari 200 m.kr.
- Íþróttahús – búningsklefar 180 m.kr.
- Hásteinsvöllur – gervigr. & flóðlý. 100 m.kr.
- Gatnagerð og gatnalýsing 65 m.kr.
- Eldfellsvegur – Gámasvæði 60 m.kr.
- Viðgerðir á útrás 40 m.kr.
- Dælulagnir undir höfnina 35 m.kr.
- Ægisgata 2 (Fiskiðja) – klæðning 35 m.kr.

ÁÆTLAÐAR EIGNFÆRÐAR
FRAMKVÆMDIR Á ÁRINU
2024 NEMA **1.027,5 MKR.**



SMÆRRI EIGNFÆRSLUR

- Golfklúbbur 20 m.kr
- Safnahús – fágætissafn 22 m.kr.
- Hafnarsjóður
 - Friðarhafnarkantur 15 m.kr
 - Smábátabryggja – flotbr. 10 m.kr
 - Stytting Hörgeyrargarðs 14 m.kr.
 - Orkuskipti hafna 10 m.kr.
 - Vigtartorg 7 m.kr.





GJALDFÆRÐAR FRAMKVÆMDIR OG SÉRVERKEFNI



DEILI - ÖG AÐALSKIPULAG



- Mikil eftirspurn er eftir íbúðalóðum og mikilvægt er að skipuleggja ný hverfi til að mæta þeirri eftirspurn.
- Gert er ráð fyrir nýju íbúðasvæði á malarvelli við Löngulág. Um er að ræða íbúðabyggð, einbýli, raðhús og/eða lítil fjölbýlishús á tveimur hæðum. Í tillögum við vinnu að breyttu aðalskipulagi er gert ráð fyrir allt að 100 íbúðum.
- Tillaga Trípolí að deiliskipulagi varð fyrir valinu.
- Stefnt er að breytingum á aðal- og deiliskipulagi á árinu 2024 vegna verkefna sem framundan eru.



LEIKVELLIR OG SKÓLALÓÐIR

- Áætlað er að ljúka við uppsetningu á þremur nýjum leikvöllum í íbúðahverfum á komandi ári. Verða nýir og nýuppgerðir leikvellir í íbúðahverfum Vestmannaeyja þar með orðnir sex á næsta ári.
- Ekki tókst að fara í framkvæmdir á árinu vegna álags við aðrar framkvæmdir.
- Unnið verður að þessum framkvæmdum á árinu og haldið áfram við uppbyggingu.





HEILSUEFLING – ÞJÓNUSTA VIÐ ELDRI BORGARA

- Heilsuefling fyrir eldri borgara í Eyjum hefur tekist einstaklega vel. Verkefnið hefur nú verið starfrækt í rúm fjögur ár. Janus heilsuefling heldur utan um verkefnið.
- Markmið verkefnisins er að stuðla að bættri heilsu og lífsgæðum eldri aldurshópa, draga úr útgjöldum ríkis og sveitarfélaga og vera fyrirmynd að heilsutengdum forvörnum.
- Góð þátttaka er í verkefninu en um 80 einstaklingar taka þátt í því.
- Einnig býður Janus upp á heilsueflingu fyrir einstaklinga sem eru í dagdvöl (Bjarginu).





ENDURNÝJUN Á HELLUM OG KANTSTEINI

- Reglulegu framlagi til að laga gangstéttar og kanta verður komið á. Hugað verður að aðgengi fyrir alla.
- Leggja þarf aukna áherslu á að bæta aðgengi og eru nokkur verkefni þegar hafin í því skyni.





PALLUR VIÐ DAGDVÖLINA

Setja á palla
sunnanmegin við
dagdvölinna Bjargið svo
hægt sé að vera úti við á
sumrin þegar veður
leyfir.





Viltu
vera í góðri
sveiflu?



Langar þig
að ná nýjum
hæðum í
rómantíkinni?

SAMSTARFSVERKEFNI Í MARKAÐS- OG FERÐAMÁLUM



Gert er ráð fyrir
áframhaldandi samstarfi
við Ferðamálasamtök
Vestmannaeyja um
markaðssetningu og
kynningu á næsta ári.
Verkefnið hefur tekist
mjög vel og nú þarf að
stíga skref sem snúa að
því að lengja tímabilið.



Er kominn tími
á eitthvað allt
öðruvísi?



Viltu
komast nær
sjöunda himni?



BJÖRGUNARSKIP

- Árið 2022 fékk Björgunarfélag Vestmannaeyja afhent nýtt björgunarskip.
- Með tilkomu þessa nýja björgunarskips styrkist björgunarnet Eyjanna til muna.
- Skipið styrkir einnig sjúkraflutningaleiðina milli lands og Eyja.
- Vestmannaeyjahöfn styrkir kaupin og var samningur gerður við Björgunarfélagið um fjármagn til félagsins vegna skipa og er hann til 5 ára, 2022–2026





SKIPULAG Á FERJUBRYGGJU OG FRÁGANGUR Á PLANI

- Vestmannaeyjahöfn hefur keypt upp fasteignir á svæðinu á undanförunum árum til þess að hægt sé að byggja upp athafnasvæði í kringum ferjuna og er frágangur á því svæði lokahnykkurinn í þeirri vegferð.
- Aukin umsvif á athafnasvæði Herjólfss hafa verið umtalsverð á síðustu árum, bæði hvað varðar farþega- og vöruflutninga. Til að koma til móts við mikil umsvif þarf að endurskipuleggja svæðið þar sem horft er til þess að bæta aðgengi og auka öryggi þeirra sem þurfa að fara þar um.
- Niðurrif á Skildingavegi 4 er eitt skref í uppbyggingu á athafnasvæði Herjólfss til móts við mikil umsvif.
- Unnið verður að nýju skipulagi umferðar á svæðinu í kringum Herjólf í samstarfi við hagaðila.





RANNSÓKNIR OG SKIPULAG Á HÖFN, MÓTTAKA STÆRRI SKIPA

- Eins og kom fram í skýrslu sem EFLA vann fyrir Vestmananeyjahöfn fyrr á árinu er mikil þörf á uppbyggingu á innviðum hafnarinnar. Verið er að kanna fýsileika á viðlegukanti í Gjábackkafjöru til þess að hægt sé að taka ákvörðun um staðsetningu stórskipakants.
- Mikilvægt er að hefja uppbyggingu á hafnarsvæði til þess að þjónusta ört vaxandi atvinnulíf og blómlega byggð.





Gjaldfærður kostnaður

Stærstu verkefni ársins eru:

- Hásteinsvegur – vestur 30 m.kr
- Deili- og aðalskipulag 25 m.kr.
- Niðurrif húsa Skildingavegur 4 og frágangur 17 m.kr.
- Löngulág, AT-2, ofl. 15 m.kr.
- Dýpkun innan hafnar 15 m.kr.
- Ferða- og markaðsmál 15 m.kr.
- Tartan á útisvæði 15 m.kr.
- Dýpkun á hafnarsvæði 15 m.kr.
- Heilsuefling fyrir eldri borgara 13 m.kr.
- Rannsóknir og skipulag á höfn 11 m.kr.
- Rannsókn- og þróunarverkefnið Kveikjum neistann 10 m.kr.

ÁÆTLAÐAR GJALDFÆRÐUR
KOSTNAÐUR Á ÁRINU 2024
NEMA 237,7 MKR.



Önnur áhersluverkefni í fjárhagsáætlun



RAUNVERULEG ÁHERSLA Á FRÆÐSLUMÁL

- Snemmtæk íhlutun – aukið stöðuhlutfall sérkennslustjóra í leikskólum
- Áfram unnið út frá Þróunarverkefni um snemmtæka íhlutun sem innleitt var í leikskólana í samstarfi við Menntamálastofnun
- Kveikjum neistann – rannsóknar- og þróunarverkefni í GRV
- Þróunarsjóður leik- og grunnskóla settur á fót árið 2019
- Tónlistaskólinn bætist við 2024
- Aukinn stuðningur við stoðkerfið skólanna
- Gjaldfrjáls 5 ára deild, 7 tímar og fæði
- Tækja- og tæknivæðing skólanna
- Fjölgun leikskólaplássa
- Heimgreiðslur





RANNSÓKNAR- OG ÞRÓUNARVERKEFNIÐ KVEIKJUM NEISTANN

- Rannsóknar- og þróunarverkefnið *Kveikjum neistann* við Grunnskóla Vestmannaeyja er með heildstæða nálgun á skólastarfið og er ætlað að efla skólastarf ásamt því að bæta námsárangur og líðan. Verkefnið er stutt af Vestmannaeyjabæ, menntamálaráðuneyti, Háskóla Íslands og Samtökum atvinnulífsins. HÍ og SA hafa stofnað *Rannsóknarsetur um menntun og hugarfar* með aðsetur við menntvísindasvið og ber það ábyrgð á verkefninu. Hermundur Sigmundsson prófessor stýrir verkefninu.
- Þetta er þriðja skólaárið sem árangur 2015 tekur þátt í verkefninu en það fór formlega af stað haustið 2021 með áherslubreytingum í námi nemendanna og kennslu í samræmi við markmið verkefnisins. Rannsóknarsetrið hefur séð um rannsóknarhlutann. Niðurstöður eftir fyrstu tvö árin lofa góðu og markmiðum um að 80% nemenda yrðu læs við lok 2. bekkjar náð sl. vor. Nemendur í 1. og 2. bekk eru þátttakendur í þróunarhluta verkefnisins og verkefnið því keyrt í þremur árgöngum í vetur.





LEIKSKÓLAR

- Áhersla lögð á uppbyggingu leikskólastarfs, m.a. með snemmtækri íhlutun og viðbótarstöðuhlutfalli sérkennslustjóra í skólunum .
- Í fjárhagsætlun 2024 er gert ráð fyrir auknu fjármagni til smemmtækra íhlutunar í Víkinni, Kirkjugerði og Sóla og einnig til að anna eftirspurn eftir leikskólaplássum fyrir börn 12 mánaða og eldri.
- Kominn er viðbótarkjarni á Sóla en vinnu- og kaffiaðstaða starsfólks var færð í nýja viðbyggingu svo hægt væri að bæta kjarnanum við inni í skólanum. Opnuð verður ný deild við Kirkjugerði snemma á næsta ári.
- Samhliða þessu hafa skólalóðir verið aðlagðar að þörfum yngstu nemendanna bæði á Kirkjugerði og Sóla.





Mikil uppbygging hófst í upplýsinga- og tæknimálum Grunnskóla

Vestmannaeyja á árinu 2020.

Metnaðarfull stefna um innleiðingu var sett fram og árið 2022 var því markmiði náð að eitt tæki er fyrir hvern nemanda.

Unnið er að áframhaldandi uppbygginu og viðhaldsvinnu og áætlun um viðhald og endurnýjun unnin til að móta og halda utan um þá vinnu.

UPPBYGGING Í TÖLVU- OG
UPPLÝSINGATÆKNI-MÁLUM GRV



UMHVERFISMÁL

Átak í umhverfismálum

- Gróðursetning, vor og haust
- Fegra græn svæði
- Fagleg nálgun í umhverfismálum
- Sérstakir umhverfishópar – græn svæði

Orkuskipti

- Rafhleðslustöðvar
- Kaup á tækjum

Umhverfismál

- Innleiðing hringrásarhagkerfis





RAFVÆÐING HAFNARINNAR

- Vestmannaeyjahöfn státar af einna mestu notkun landrafmagns af öllum höfnum landsins. Með stækkandi skipum hefur hins vegar þörfin fyrir rafmagn aukist og unnið er að því að stækka tengingar og efla heimtaugar þannig að unnt verði að landa úr skipum á landrafmagni.
- Skoða á möguleikann á því að tengja stærri skip, þ.e. flutninga- og farþegaskip við rafmagn úr landi en ljóst er að slíkar tengingar eru mjög dýrar og ekki á færi hafnanna að koma upp slíkum tengingum





HAGSMUNAGÆSLA

RAFSTRENGIR



HERJÓLFUR



VATNSLÖGN



HÖFN - STÓRSKIPAKANTUR





ÞAÐ ERU
SPENNANDI OG
KREFJANDI
TÍMAR
FRAMUNDAN!



FJÁRHAGSÁÆTLUN VESTMANNAEYJABÆJAR FYRIR ÁRIÐ 2024 ER METNAÐARFULL OG ÁBYRG ÁÆTLUN ÞAR SEM HORFT ER TIL FRAMTÍÐAR.